

# Grunnbættir menntunar

Skóli Ísaks Jónssonar

## Læsi

Tungumálið er samofið öllum námsgreinum og skólasterfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Í almennri merkingu á hugtakinu læsi er þó átt við þá færni að lesa og skilja prentaðan texta, bregðast við honum og túlka út frá eigin raunveruleika en líka að færa hugsun sína í letur. Við leitumst við að þjálfa hjá nemendum hæfni í að greina og túlka efni af ólíkum miðlum og um leið miðla eigin efni á ólíkan hátt (miðlalæsi), að skilja umhverfi sitt og áhrif mannsins á það (umhverfis-/náttúrulæsi), að lesa töflur, gröf og tölur (tálnalæsi) og að geta lesið í aðstæður, sýnt samhygð. Við leggjum áherslu á að allir nemendur lesi sér til gagns og gamans heima og í skóla og beitungum fjölbreyttum kennsluaðferðum í læsi. Við leitumst við að vinna með læsi og lesskilning í öllum námsgreinum og þjálfa nemendur í öflugun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun.

## Sköpun

Sköpun er ekki bundin listgreinum, hún á að vera samtvinnuð öllu skólasterfi. Sé áhugi, útsjónarsemi og ímyndunarafli gefinn laus taumur geta öll verk, stór sem smá, falið í sér sköpun. Því er mikilvægt að þjálfa skapandi hugsun og gagnrýnin vinnubrögð, veita kennurum og nemendum svigrúm til að sýna frumkvæði og nýta margskonar leiðir í námi og leik.

Við nálgumst sköpun meðal annars með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, fá nemendur til að leita lausna, ýta undir forvitni og sköpun í öllum námsgreinum. Afrakstur sköpunar nemenda má sjá víða um skólann.

Við hvetjum til fjölbreyttrar verkefnavinnu og samþættum ef kostur er námsgreinar. Við kennum dans og setjum upp leikrit. Við erum með öflugt öflugt kórastarf og notum ólíka miðla við nám og kennslu. Við erum með þemadaga þar sem nemendur vinna þvert á árganga og námsgreinar.

## Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Við viljum hafa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði nemenda. Við nálgumst heilbrigði og velferð meðal annars með því að kenna fjölbreyttar íþróttagreinar. Við reynum aleggja áherslu á útikennslu og útiveru. Við leggjum áherslu á hugleiðslu og slökun í skólasterfinu. Við bjóðum upp á jóga í frístund. Við reynum að styrkja sjálfsmynd nemenda og hjálpa nemendum að verða þrautseigir. Við bjóðum upp á hollan mat í hádeginu og erum með ávaxtastund á morgnana. Við erum með ábendingar til foreldra um hvað telst vera hollt nesti. Skólahjúkrunarfræðingur er með sérstaka fræðslu um heilbrigði fyrir alla árganga skólans.

## Sjálfbærni

Sjálfbær þróun byggir á hugmyndum um að efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir séu ein heild. Í skólastarfi er ætlast til þess að nemendur takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem miða að því að þeir hagi lífi sínu á þann veg að möguleikar komandi kynslóða skerðist ekki. Við nálgumst sjálfbærni meðal annars með því að endurvinnna ýmis efni og nýta efnisafganga. Nemendur og starfsfólks skólans tekur þátt í að halda skólanum hreinum. Við flokkum rusl og endurnýtum. Við nýtum okkur nærumhverfi skólans.

## Jafnrétti

Markmið jafnréttismentunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi. Jafnrétti gengur gegn hvers konar mismunun og misrétti og við eigum öll að taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis þar sem fólki er ekki mismunað á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Við nálgumst jafnrétti meðal annars með því að stuðla að jafnrétti allra. Við kynnum trúarbrögð fyrir nemendum með áherslu á hvað er líkt og hvað er ólíkt. [Hér](#) er jafnréttisáætlun skólans.

## Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði snýst um samstarf og samveru þar sem borin er virðing fyrir manngildi hvers og eins. Þó samfélagsgreinar og lífsleikni séu kjölfesta þekkingar og viðhorfa til þessa þátta þá eiga þeir erindi í öllum námsgreinum því þannig læra nemendur um eigin ábyrgð, réttindi og skyldur. Nemendur eiga að fá tækifæri til að auka færni sína í lýðræðislegri þátttöku t.d. með því að taka þátt í bekkjarfundum. Þeir fá líka í gegnum kosningar að hafa áhrif á matseðil skólans. Við skólann starfar nemendafélag sem fundar með stjórn skólans eftir þörfum. Fræðsla er lykilatriði þegar kemur að lýðræði og mannréttindum.

### **Við vinnum mikið með Barnasáttamálann og lærum um:**

- Réttindi og samábyrgð.
- Barnasáttmálinn og aðrar skuldbindingar.
- Barnið sjálft, fjölskylda og þjóðerni.
- Menntun.
- Öryggi og vernd.